

*Breytingar eru litaðar gular

Yfirlit yfir breytingar á reglugerðum FEIF 2026

Almennar reglur um keppni

A7.3.2 Keppnisréttur

Hreinræktaðir íslenskir hestar, fimm vetra og eldri eru löglegir í keppni. Sönnunar er krafist í formi upprunavottorðs eða samsvarandi vottorðs frá viðkomandi landi. **Hestar verða að vera örmerktir til að hægt sé að auðkenna þá.**

A8.1 Hnakkar

Í grundvallaratriðum eru allir hnakkar og hnakkdýnur sem henta íslenska hestinum leyfðar. Viðurkenndur útbúnaður felur einnig í sér gjörð, ístöð, hlífðardýnu, hnakkklæði/hnakkdýnu, forgjörð, reiða, ístaðsupphengjur og ól á hnakknefi. Hnakkurinn skal vera staðsettur þannig að meirihluti gjarðar hvíli á bringubeininu. Hnakkurinn skal staðsettur þannig á standandi hesti að hann hvorki sitji á herðum hestsins né að þungi hans hvíli á spjaldhryggsvæði hestsins. Sé hnakkur **rangt staðsettur** ~~staðsettur of aftarlega má gefa aðvörun,~~ og kann parið að hljóta viðurlög samkvæmt viðeigandi keppnisreglum.

A8.2 Mél og beislabúnaður

Keðja og/eða nefól reiðmúls má ekki vera of þétt hert. **Reiðmúll skal hertur** **Allar gerðir reiðmúla skulu stilltir** þannig að bil milli nefólar og miðju neflínu hestsins sé a.m.k. 1,5 cm **sé notaður nasamúll og 1 cm sé notaður enskur reiðmúll (eða samsettir múlar).** Mæla skal hversu þétt reiðmúll er hertur með þar til gerðu mælitæki (e. Noseband Taper Gauge), sem skal auðveldlega komast á milli reiðmúls og neflínu hestsins. Komi í ljós að keðja og/eða reiðmúll sé of þétt hertur, má veita viðvörun og keppnisparið kann að hljóta viðurlög samkvæmt viðeigandi keppnisreglum.

A8.3.2.3 Aðrar tegundir af skeifum (aðrar en skeifur úr járn)

Aðrar tegundir af **varanlegum** skeifum eru leyfðar án fyllingar svo lengi sem þær eru ekki þyngri en venjulegar skeifur úr járn af sömu stærð. Ef skeifan er límd við hófinn þarf önnur samskonar skeifa að vera til taks til skoðunar við búnaðarskoðun.

Aðrar tegundir af **varanlegum** skeifum skulu notaðar eins og þær eru framleiddar án breytinga.

Aðrar tegundir af **varanlegum** skeifum skulu hlíta sömu reglum hvað varðar lögun og staðsetningu á hófi

*Breytingar eru litaðar gular

Reglur um Íþróttakeppni

1.6 Viðurlög Ógild sýning

Sýning er ógild þegar tveir eða fleiri dómara sýna grátt spjald. Ógild sýning leiðir til að keppniparið er dæmt úr leik (sjá reglugerð um úrskurðarnefndir, spjaldareglur og agaviðurlög gr. 4.5). Þegar sýning er dæmd ógild hefur það þær afleiðingar sem lýst er í næstu köflum.

1.6.2 Dæmt úr leik Ógilding sýningar og fær einkunn gefin að hluta

Að sýning keppnisþars sé dæmd ógild þar sé dæmt úr leik og þar fái einkunn að hluta hefur eftirfarandi merkingu:

- Í forkeppni, að parið sé dæmt úr leik og fái ekki einkunn;
- Í úrslitum, að parið sé dæmt úr leik en haldi þeim einkunnum sem það fékk í forkeppni. Hestur tekur sæti í úrslitum samkvæmt þeim einkunnum sem hann hefur hlotið fram að því;
- Í skeiðgreinum, að parið sé dæmt úr leik í viðkomandi spretti, en haldi einkunnum/tíma sem það fékk í fyrri sprettum og má taka þátt í seinni sprettum.

Þar Sýning keppnisþars skal dæmd ógild skal dæmt úr leik og fær og einkunn gefin að hluta ef:

- Knapi fellur af baki eða fer af baki án leyfis, frá því hann kemur inn á hringvöllinn þar til keppni er lokið;
- Hesturinn fer út af vellinum eftir að vera kominn inn á völinn, áður en keppni er lokið. Helstur telst hafa farið út af vellinum, þegar allir fjórir fætur eru farnir út af vellinum. Dómurum er heimilt að taka ákvörðun um að dæma knapa ekki úr leik, ef augljóst þykir að utanaðkomandi truflun hafi valdið því að hesturinn fór út af brautinni;
- Eftir að keppandi hefur verið kallaður upp og hefur hafið aðreið að rásmarki á skeiðbraut er honum óheimilt að taka baug eða snúa við;
- Hesturinn er greinilega beðinn um að bakka nema það sé hluti af keppni;¹.
- Hestinum er riðið í hring í forkeppni eða úrslitum án þess að þulur hafi gefið um það fyrirmæli, eða eftir að þulur hefur gefur fyrirmæli um að hætta að ríða í hring;
- Hestur sýnir alvarlega kergju eða alvarleg truflun verður á sambandi manns og hests með þeim afleiðingum að knapinn missir stjórn

Í ofangreinum tilvikum, telst knapi dæmdur úr leik ef að a.m.k. tveir dómara dæma hann úr leik.

¹ Þessi regla á við eftir að komið er inná völinn og við lok keppni – Sjá einnig reglu Í2.3. – Framvinda keppnisgreinar.

*Breytingar eru litaðar gular

1.6.4 Dæmt úr leik

- Keppnispar sem fær tvö rauð spjöld eða fleiri í spretti í skeiðkeppni eða gæðingaskiði, skal vísað úr keppnisgreininni þó svo að ekki sé búið að ríða alla spretti.
- Knapi sem mætir ekki í búnaðarskoðun, skal útilokaður frá frekari þátttöku á viðkomandi móti og allur árangur hans á mótinu skal felldur niður, auk þess sem hann skal missa rétt til þeirra verðlauna sem það hefur fengið.

Ný grein 1.7 Viðurlög vegna búnaðarskoðunar

Keppnispari, hesti/knapi, er vikið úr keppni og hlýtur ekki einkunn ef

- Ekki er hægt að skoða hest sem valinn hefur verið af yfirdómara til búnaðarskoðunar, þrátt fyrir að gefinn hafi verið hæfilegur tími til að róa hann niður;
- Par telst hafa brotið reglur um virka blæðingu eða búnað (um viðurlög varðandi járnningar, sjá reglu 1.6.3) á því tímamarki þegar það er valið til búnaðarskoðunar.

Sýning skal dæmd ógild ef knapi mætir ekki í búnaðarskoðun, allur árangur á mótinu ógildur og knapanum gert að skila verðlaunum sem þegar hafa verið veitt.

Brot á reglum um leyfðan búnað (sjá A8) í keppni, leiðir til ógildingar sýningar. Önnur agaviðurleg geta átt við skv. kafla A8.

1.8 Afskráð úr keppni

Gengið skal út frá því að knapi og hestur séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku í forkeppni og skeiðgreinum, nema annað sé tilkynnt sérstaklega, að minnsta kosti einni klukkustund áður en keppni hefst í viðkomandi grein. Eftir þau tímamörk er einungis unnt að draga sig til baka úr keppni liggja fyrir staðfesting á því að hesturinn (skoðaður af dýralækni á keppnisstað) eða knapinn (samkvæmt læknisvottorði) teljist ekki hæfur til keppni, eða slíkt er ákvarðað af yfirdómara. Að öðrum kosti er knapi dæmdur úr leik og allur árangur hans á mótinu strikast út. **Um afskráningar milli spretta í skeiðkeppni sjá 3.6.1.3.** Ef tilkynnt er of seint að hestur sé dreginn úr keppni milli spretta í skeiðkeppni, er parið einungis dæmt úr leik í þeirri keppni.

[...]

Á mótum þar sem ekki keppa lið er gengið út frá því að knapi og hestur séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku í úrslitum nema annað sé tilkynnt sérstaklega, að minnsta kosti **einni tveimur klst.** áður en fyrstu úrslit í viðkomandi grein hefjast.

Ef keppnispar er skráð í forkeppni sem eru á dagskrá mótsins eftir að fyrstu úrslit annarar greinar sem hann tók þátt í, fara fram, og knapinn er aðeins með einn hest í þeim úrslitum, er honum heimilt að draga sig úr þeim úrslitum, innan 30 mínútna eftir að síðasta forkeppni sem parið er skráð í, lýkur.

Eftir þau tímamörk er einungis unnt að draga sig til baka úr úrslitum liggja fyrir staðfesting á því að hesturinn (skoðaður af dýralækni á keppnisstað) eða knapinn (samkvæmt læknisvottorði) teljist ekki hæfur til keppni, eða þessar sérstöku aðstæður hafi skapast sem að ofan eru nefndar, en þá undanþágu getur einungis yfirdómari gefið. Að öðrum kosti er knapi dæmdur úr leik og allur árangur hans á mótinu strikast út. **Dóminn skal birta hjá FEIF og knapinn fær skráð 2 rauð spjöld (sjá Reglugerð um Úrskurðarnefndir, spjaldareglur og viðurlög gr. 4.5).**

*Breytingar eru litaðar gular

Yfirdómari skal tafarlaust senda tilkynningu til skráningar keppnisbanna og aðvarana hjá FEIF (e. FEIF Registrar of Bans and Warnings) og dæma knapa í tveggja vikna keppnisbann er hefst á mánudegi eftir að móti lýkur.

Ef hestur af einhverjum ástæðum mætir ekki í úrslit eða er dæmdur úr leik kemur næsti hestur, sem vill þiggja sætið, úr forkeppni inn í stað hans í samræmi við grein Í2.5.

Hafi knapi komið fleiri en einum hesti í annað hvort A, B eða C úrslit, skal hann, a.m.k. einni tveimur klukkustundum áður en viðkomandi úrslit hefjast, ákveða á hvaða/hvorum hesti/num hann hefur keppni í viðkomandi úrslitum. Annar/aðrir hestar knapans raðast í sætaröðun í samræmi við forkeppni og lenda í síðasta/u sæti/um í viðkomandi úrslitum. Laus sæti í þeim úrslitum má fylla með næstu keppendum í samræmi við reglu Í2.5.

Í2.3.1 Forkeppni þar sem einn keppandi er á vellinum

- Hesti skal riðið inn á hringvöllinn og stystu leið á aðra hvora skammhlið vallarins. Hesturinn má ekki fara yfir skammhlið án þess að hefja keppni. Ýmsa mismunandi möguleika varðandi innkomu og byrjun keppni, eftir því hvort riðið er inn á skammhlið eða á langhlið má sjá á teikningu í Í17.5.
- **Innkoma á hringvöllinn og skiptingar á milli dómsatriða hafa áhrif á mat dómara á reiðfærni/samband.**
- Knapinn skal heilsa dómurum með því að kinka kolli og gefur með því til kynna að hann hafi hafið keppni.
- Gangskiptingar skulu fara fram á miðri skammhlið. Undantekning er gerð með skeið sem einungis skal sýna á langhliðum.
- Til að fá einkunn fyrir gangtegund skal hún sýnd vegalegnd sem jafngildir einni langhlið. Fet skal sýna vegalengd sem jafngildir hálfri langhlið.
- Eftir að hafa lokið síðasta sýningaratriði verður knapi að hafa hægt á hesti sínum niður á fet fyrir miðja næstu langhlið.
- Farið af hringvelli út um hlið. Knapa er heimilt að riða hesti sínum í hring þar sem farið er út af hringvellinum eftir að hann hefur lokið keppni í viðkomandi keppnisgrein.

Í 2.6 Hestar jafnir eftir úrslit

Séu tveir eða fleiri hestar jafnir í efsta sæti eftir viðkomandi úrslit (A-, B-, eða C-úrslit) skulu dómarar sýna röðun byggða á einkunnum sem þeir gáfu áður. Einungis má sýna fyrsta sætið einu sinni.

Í3.2 Dómarar

Kynbótadómarar með FEIF réttindi (samkvæmt heimasíðu FEIF) eða gæðingadómarar (samkvæmt heimasíðu LH) mega vera

Hlaupagæslumenn mega sitja í dómsætum í **skeiðgreinum (nema í P2)** þar sem hlutverkið er takmarkað við að lyfta flöggum sem gefa til kynna hvort hesturinn sé á skeiði eða ekki.

Hlaupagæslumenn skulu hljóta nauðsynlega þjálfun sem samþykkt er af LH.

*Breytingar eru litaðar gular

Í3.5 Met

Til að fá mettíma samþykktan af FEIF og LH þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Völlurinn þarf að uppfylla öll skilyrði sem nefnd eru í lögum og reglum FEIF og LH.
- Nota skal rásbása í P1 og P3.
- Myndbandsupptaka skal sýna fram á rétta virkni rásbása.
- Tími skal mældur með rafrænum tímatökubúnaði.
- Í P1 og P3 skal tímataka hefjast þegar dyr að framan byrja að opnast.
- Í P1 og P3 skal vera myndatökubúnaður í endamarki tengdur við tímatökubúnað sem getur greint milli knapa.
- Vindur í hlaupaátt, við brautina má ekki fara yfir 5,4 metra á sekúndu á meðan á hlaupi stendur og skal mældur með **viðurkenndum** vindmæli sem staðsettur er **innan 5 metra** við hlið brautar, **nálægt miðju tímatökusvæðis, u.þ.b. 1,5m. frá jörðu** sem uppfyllir reglur Sport nefndar FEIF (FEIF Sport Committee).
- Knapinn verður að hafa farið að öllum kappreiðareglum.
- **Kappreiðarnar þarf að framkvæma í einu og öllu eftir reglum FEIF og LH um kappreiðar.**

Í3.6.1.6 Ræsing með rásbásunum eða sjálfvirki ræsingarvél

Þegar rásbásar eða sjálfvirk ræsingarvél er notuð fá knapar **2 1** mínútu til að koma hestum sínum inn í rásbásana. Innan 30 sekúndna eftir að síðasti hestur er kominn inn í sinn rásbás skal ræsa. Hafi knapa ekki tekist þetta innan þessara tímamarka er hann dæmdur úr viðkomandi umferð.

Í3.6.1.7 og Í3.6.3.2 Dómarar

Á WorldRanking mótum skulu vera að lágmarki 5 dómarar. Nota má hlaupagæslumenn í aðrar stöður. **Hlaupagæslumenn skulu hljóta nauðsynlega þjálfun sem samþykkt er af LH.** [...]

Þegar rásbásar eru notaðir þarf einn dómara eða hlaupagæslumann sem leiðbeinir um framkvæmd ræsingar fyrir aftan ráslínu. Dómarar eða hlaupagæslumenn hafa lituð flögg í sama lit og knapar. Sé hestur dæmdur uppi af skeiðinu er sýnt flagg í viðeigandi lit, sé hlaupið dæmt gilt er hvítt flagg sýnt. Einnig skal heimilt að dómarar og hlaupagæslumenn hafi rauð og **græn hvít** flögg. Samkvæmt fyrirmælum þular skulu dómarar sem eru staðsettir 50 m til 250 m frá ráslínu sýna **grænt hvítt** flagg, og gefa þannig til kynna að hesturinn hafi verið á skeiði á þeirra hluta. Dómarar sýna rautt flagg ef hestur var ekki á skeiði á þeirra hluta. Eitt rautt flagg þýðir að viðkomandi hlaup er ógilt.

Í3.6.2.3 Dómarar

Dómarar sýna **græn hvít** flögg ef hestur var á skeiði á þeirra hluta. Dómarar sýna rautt flagg ef hestur var ekki á skeiði á þeirra hluta. Eitt rautt flagg þýðir að viðkomandi hlaup er ógilt.

Í3.6.4.4 Ræsing

*Breytingar eru litaðar gular

Á milli 25 m skiptilínu og 50 m ráslínu (byrjun tímatökukafla) skal tekið niður á skeið. Þegar farið er yfir 50 m ráslínuna hefst tímataka við sýnilegt merki. Á milli 150 m skiptilínu (endur tímatökukafla) og 200 m marklínu þ.e. á niðurbæingarkafla skal hesturinn hægður niður á tölt, brokk eða fet. Til að fá háar einkunnir **verður** hesturinn að vera kominn niður á fet fyrir 200 m marklínu.

Í7.7 Stundvísi

Í hringvallargreindum og fimikeppni, skal knapi vera kominn inn í upphitarhring minnst 3 mínútum áður en áætlað er að knapi hefji keppni. Í skeiðgreinum skulu allir viðeigandi knapar vera komnir með hesta sína í upphitarhring minnst þremur mínútum áður en áætlað er að viðkomandi keppnisgrein hefjist. Annars **er keppnispar dæmt úr leik í viðkomandi grein (sjá Reglugerð um Úrskurðarnefndir, spjaldareglur og viðurlög gr. 4.5).** ~~gilda núgildandi reglur FEIF (e. FEIF General and Sport Rules)~~

Í8 WorldRanking

7. Tilnefna þarf yfirdómara á hverju móti. Yfirdómari verður að vera með alþjóðleg dómaraéttindi FEIF.

*Breytingar eru litaðar gular

1 Reglugerð um Úrskurðarnefndir og dómstól ÍSÍ

4.1 Yfirdómnefnd

Á öllum mótum starfar yfirdómnefnd, sem hlutast til um að mót fari eftir lögum og reglum LH og ÍSÍ. Hún veitir áminningar, sýnir mönnum gul eða rauð spjöld, eftir atvikum og vísar mönnum úr keppni, sé þess þörf. Yfirdómnefnd skal dæma keppendur í keppnisbann vegna brota á reglu Í1.7 (Dregið til baka úr keppni).

Yfirdómnefnd skal innan sólarhrings frá mótlokum, senda Úrskurðar- aganefnd LH mótsskýrslu, einnig skal hún samhliða skilum á mótsskýrslu til Úrskurðar- og aganefndar senda sérhverjum þeim sem getið er í mótsskýrslu vegna brota á lögum og reglum LH, afrit skýrslunnar.

Yfirdómnefnd skal heimilt að senda inn kæru til Úrskurðar- og aganefndar, telji hún þess þörf.

Ákvarðanir Yfirdómnefndar um viðurlög vegna brota á reglum sem falla undir lið 4.2.4 (Dæmt úr leik og agaviðurlög) eru endanlegar og verða ekki kærðar til Úrskurðar- og aganefndar. Heimilt skal þó að kæra til Úrskurðar- og aganefndar ákvörðun yfirdómnefndar um að dæma keppanda í keppnisbann.

Um heimild til að leggja fram kæru, viðurlög sem heimilt er að beita keppendur og rétt þeirra til að áfrýja ákvörðunum dómara og/eða annarra starfsmanna móts til Yfirdómnefndar gilda ákvæði reglna 4.1.2, 4.2.3 og 4.2.4 hér að neðan.

4.1.1 Yfirdómnefnd skal skipuð eftirtöldum aðilum:

- a. Mótsstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndur af honum
- b. Meðlimi framkvæmdanefndar
- c. Yfirdómara eða meðlimi dómara starfsliðs, áður tilnefndur af honum
- d. Formanni keppnisnefndar LH eða fulltrúa hans, áður tilnefndur af honum.
- e. Talsmanni knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum. Ef finna þarf staðgengil knapa tekur knapinn með næstflest atkvæði úr kosningunni hans sæti. Á sérstökum barna- og unglingamótum skal það vera æskulýðsfulltrúi LH (formaður æskulýðsnefndar) eða annar fulltrúi tilnefndur af mótshaldara.

Á mótum sem eru ekki World Ranking mót, er heimilt að yfirdómnefnd sé aðeins skipuð þremur aðilum, Yfirdómara, mótsstjóra og fulltrúa knapa og skal yfirdómari vera formaður hennar.

4.1.2 Heimild til að leggja fram kæru á yfirstandandi móti.

Hver sá sem telur sig órétti beittan, birt dagskrá sé óréttlát eða brjóti á rétti keppenda (conditions of the schedule), eða vegna brota á lögum og reglum LH hefur rétt til að leggja inn kæru til yfirdómnefndar. Hið sama gildir um alla dómara, skipuleggjanda eða mótsstjóra.

Kæru vegna ákvarðana dómara geta einungis verið byggðar á því að lög og reglur LH hafi verið brotnar eða reglur um óhlutdrægni.

Kæru þarf að leggja fram skriflega til mótsstjóra í síðasta lagi hálf tíma eftir lok hlutaðeigandi keppnisgreinar, ásamt greiðslu tryggingar til mótshaldara, að upphæð kr. 28.000 eða jafnvirði í erlendri mynt, þar af skulu 7.000 kr. ávallt vera óendurkræfar. Kæru vegna tímatöflu eða framkvæmd keppnisgreinar þarf að leggja fram fyrir upphaf móts eða viðeigandi greinar. Endurkræfur hluti tryggingar skal endurgreiddur ef fallist er á að fullgildar ástæður séu fyrir kærinni.

4.2 Keppandi dæmdur úr leik og Agaviðurlög

4.2.1 Gildissvið

*Breytingar eru litaðar gular

Reglur varðandi það að menn séu dæmdir úr leik og agaviðurlög eru gildar á öllum mótum allt frá því að knapi og/eða hestur hans kemur inn á mótssvæðið í fyrsta skipti þangað til knapi og/eða hestur(hestar) hans fara af mótssvæðinu í síðasta sinn.

Knapi telst vera ábyrgur fyrir hesti (hestum) sem hann tekur þátt í keppni með á einhvern hátt.

4.2.2 Brot á reglum

Knapar og þjálfarar/fjölskyldumeðlimir/vinir/einstaklingar sem þeim tengjast skulu ávallt sýna háttvísi og hlíta kurteisvenjum. Brot á keppnisreglum, siðareglum og/eða ósanngjörn hegðun gætu fallið undir agaviðurlög.

Hver sá er sekur um brot á reglum sem:

- Vanvirðir nafn sérsambands og eða íslenska hestsins (hestaíþrótt)
- Meðhöndlar hest á ósanngjarnan hátt, gerir of miklar kröfur til hans eða beitir hest ofbeldi
- Brýtur viðurkenndar meginreglur um dýravernd
- Keppir á hesti sem er greinilega veikur eða smitaður af sjúkdómi
- Notar óleyfileg frammistöðubætandi efni sem gætu haft áhrif á árangur hests eða knapa
- Hlítir ekki agareglum
- Beitir rangindum við skráningu eða þátttöku á mótum
- Brýtur siðareglur
- Brýtur íþróttareglur FEIF/LH eða almennar reglur FEIF/LH um keppni í tengslum við mótahald

4.2.3 Skrá yfir agaviðurlög

FEIF heldur skrá yfir allar skýrslur um viðvaranir og keppnisbönn sem tilkynntar eru til FEIF, vegna brota á agareglum sem lýst er í þessari grein.

Viðvaranir og keppnisbönn skulu birt á vefsíðu LH og tilkynnt af LH til FEIF þegar ákvörðun liggur fyrir. Tilkynning skal send FEIF með ábyrgðarbréfi fyrir lok ofangreinds frests eða tölvupósti. Ef tilkynning er send með tölvupósti, verður FEIF að staðfesta móttöku. Afrit tilkynningar skal einnig sent viðkomandi aðila/aðilum. FEIF tekur enga efnislega afstöðu til málsins að öðru leyti en því að ganga úr skugga um að ákvörðun stafi frá úrskurðarnefnd í aðildarríkinu, sem er til þess bær að taka viðkomandi ákvörðun.

Reglur um opinbera viðvaranir skulu einungis eiga við um knapa sem orðnir eru 18 ára (miðað við almanaksár) eða eldri á fyrsta degi móts.

4.2.4 Agaviðurlög

Eftirtalin viðurlög má nota ein og sér eða saman vegna brota á lögum og reglum LH: vegna brota á reglum skv. upptalningu í gr. 4.2.2

- Áminning (knapi)
 - Alltaf tilkynnt af þul
 - Gæti verið skráð hjá LH

*Breytingar eru litaðar gular

- Gæti verið gert opinbert hjá FEIF
- Útilokun frá keppnisgrein eða hluta keppnisgreinar (keppnispar)
- ~~Viðvörðun sem ekki er gerð opinber~~
- ~~Viðvörðun sem gerð er opinber~~
- Brottrestur af mótí (knapi)
- Keppnisbann (knapi)

Áminning gæti leitt til þess að knapi verði sviptur titli í viðkomandi keppnisgrein, eftir ákvörðun yfirdómara.

Brottrestur af mótí hefur í för með sér að árangur knapans þurrkast út og knapi er sviptur verðlaunum og titlum sem hann hefur þegar hlotið á mótinu (ef við á), og ógildingu meta (sjá Í3.5). Þetta á einnig við um brot sem leiða til **keppnisbanns meðan á mótí stendur**.

Brottrestri af mótí og keppnisbanni skal ávallt beita ásamt opinberri viðvörðun áminningu sem FEIF birtir. Agaviðurlögum er lýst nánar í gr. 4.5 Spjaldareglur og agaviðurlög.

[Íslensk sérregla] Ekki skal dæma keppendur yngri en 18 ára (miðað við almanaksár) í keppnisbann.

*Breytingar eru litaðar gular

4.2.4. Dæmt úr leik og agaviðurlög

Brot á lögum og reglum LH eru flokkuð og meðhöndluð samkvæmt töflu hér á eftir. Skilyrði fyrir beitingu viðurlaga eru gefin til kynna með eftirfarandi tölustöfum þannig:

(1) Séð af 2 eða fleiri dómurum:

- A.m.k. tvö gul spjöld sýnd: Viðvörðun, sem verður að lokum birt
 - 2 rauð spjöld eða fleiri sýnd: Viðkomandi skal dæmdur úr keppnisgrein
- Dómari getur sýnt rautt og gult spjald samtímis.

(2) Má kæra til yfirdómnefndar (á viðkomandi móti)

(3) Má kæra til Úrskurðar- og aganefndar LH

(4) Staðfest af sport fulltrúa, mótsstjóra eða yfirdómara á viðkomandi móti

(5) Úrskurðað á fundi dómara

(V) Eingöngu eftir dýralæknisskoðun

4.2.5 Framkvæmd agaviðurlaga

Dómurum á mótum, þ.m.t. yfirdómara, Úrskurðar- og aganefnd LH og mótsstjóra er heimilt að beita agaviðurlögum. Vallarstjóra er einnig heimilt að beita agaviðurlögum með samþykki yfirdómara.

Nauðsynlegt er að fá niðurstöðu dýralæknisskoðunar áður en agaviðurlögum er beitt vegna smitsjúkdóma eða notkun á öleyfilegum efnum sem gæti haft áhrif á frammistöðu hestsins.

Ef einstaklingur sættir sig ekki við þau viðurlög sem hann er beittur getur viðkomandi áfrýjað niðurstöðunni sbr. kafla um almennar reglur um keppni, gr. **A10.1 til A10.5**.

Dómarar á mótum, þar með talinn yfirdómari, geta gefið spjöld sem gefa til kynna **viðvaranir** eða viðurlög (sjá gr. 4.5 Spjaldareglur og agaviðurlög). Þeim er einnig heimilt að beita viðurlögum utan keppni, þar sem spjaldanotkun er ekki nauðsynleg. Hver sá sem verður vitni að mögulegu broti á reglum skal upplýsa dómara um slíkt, svo hægt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Þegar spjöldum/viðurlögum er beitt vegna brota á reglum, getur yfirdómari ákveðið að láta þul tilkynna það opinberlega. Gul og rauð spjöld skulu alltaf tilkynnt af þul. Þulur tilkynnir ástæðu spjalda/viðurlaga aðeins með leyfi yfirdómara.

Þegar knapar undir 18 ára aldri sem hljóta spjöld/viðurlög, skal yfirdómari ávallt kalla til forráðamann/forráðamenn og útskýra fyrir þeim ástæðu þess að spjöld/viðurlög eru gefin, alvarleika brotsins og afleiðingar þess.

Yfirdómari getur ekki breytt ákvörðun annarra dómara varðandi spjaldanotkun.

*Breytingar eru litaðar gular

BROT	Dæmt úr keppnisgrein	Viðvörðun— ekki gerð opinber	Viðvörðun— gerð opinber	Brottrekstur af móti	Keppnisbann
A) Knapi brýtur reglur við innkomu á völl, kveðju eða þegar völlur er yfirgefinn	1)				
B) Knapi fer af baki án leyfis	1)				
C) Knapi hunsar reglur í grein sem hann er að keppa í	1)				
D) Brot á reglum um reiðtygi	1)				
E) Ef einstaklingur kemur óorði á nafn samtaka og/eða keppni á íslenskum hestum		1) eða 4) 2)	4) eða 5) 2)	4) eða 5) 2)	4) + 2) 3)
F) Ósanngiörn eða ruddaleg meðferð á hesti, á eða utan vallar	1) eða 4) 2)	1) eða 4) 2)	4) eða 5) 2)	4) eða 5) 2)	4) + 2) 3)
G) Brot á siðareglum	1) eða 4) 2)	1) eða 4) 2)	4) eða 5) 2)	4) eða 5) 2)	4) + 2) 3)
H) Keppt á hesti sem haldinn er smitandi sjúkdómi	V)+ 1) eða 4) 2)	V)+ 1) eða 4) 2)	V)+ 4) eða 5) 2)	V)+ 4) eða 5) 2)	V)+ 4) + 2) 3)
I) Notkun efna sem geta haft áhrif á frammistöðu hests eða knapa	V)+ 1) eða 4) 2)	V)+ 1) eða 4) 2)	V)+ 4) eða 5) 2)	V)+ 4) eða 5) 2)	V)+ 4) + 2) 3)
J) Blekking eða tilraun til blekkingar við skráningu eða þátttöku á móti, t.d. þaðar ekki forföll	1) eða 4) 2)	1) eða 4) 2)	4) eða 5) 2)	4) eða 5) 2)	4) + 2) 3)
K) Hlýtir ekki ákvörðun úrskurðarnefndar	4) 3)			4) 3)	

*Breytingar eru litaðar gular

4.3 Úrskurðar- og aganefnd

Úrskurðar- og aganefnd úrskurðar um brot á lögum þessum, reglugerðum og reglum LH og ákvarðar viðurlög, í samræmi við reglur Úrskurðar- og aganefndar. Einnig er heimilt að kæra til Úrskurðar- og aganefndar ákvarðanir yfirdómnefndar, að því marki sem þær eru ekki háðar endanlegu ákvörðunarvaldi Yfirdómnefndar. Þá getur Úrskurðar- og aganefnd veitt keppendum og starfsmönnum móta áminningar og dæmt keppendur í keppnisbann, í samræmi við reglur um Úrskurðar- og aganefnd sem stjórn LH setur.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera skriflegir og skulu kveðnir innan [14] virkra daga eftir að öll gögn og upplýsingar liggja fyrir. Ákvörðun eða úrskurðir um keppnisbann skal þó kveða upp innan [5] daga frá mótslokum. Úrskurðar- og aganefnd LH skal skipuð þremur aðalmönnum og tveimur til vara. Formaður skal vera löglærður. Nefndarmenn skulu skipaðir af stjórn LH, að loknu landsþingi, til tveggja ára í senn.

Nefndin starfar samkvæmt úrskurðar- og agareglum LH og skulu a. m. k. þrjú nefndarmenn taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a. m. k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður.

Um hæfi þeirra sem skipa Úrskurðar- og aganefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í Úrskurðar- og aganefnd skulu ekki eiga sæti í stjórn LH. Sé nefndarmaður í Úrskurðar- og aganefnd jafnframt stjórnarmaður í aðildarfélagi LH skal hann víkja sæti við meðferð máls sem snertir félagsmann þess félags.

Verkefni Úrskurðar- og aganefndar:

- a. Úrskurðar- og aganefnd úrskurðar um brot á lögum og reglum LH á grundvelli mótsskýrslna frá Yfirdómnefnd og ákvarðar viðurlög í samræmi við reglur Úrskurðar- og aganefndar og lög og reglur LH.
- b. Heimilt er að kæra til Úrskurðar- og aganefndar ákvarðanir Yfirdómnefndar um áminningar og keppnisbann.

Kæra til Úrskurðar og aganefndar skal vera skrifleg. Frestur til að leggja fram kæru skal vera 48 klst. frá mótslokum ef kæra varðar ákvörðun Yfirdómnefndar.

Í öðrum tilvikum ber að senda kæru til Úrskurðar- og aganefndar innan 48 klst frá því að kæranda varð ljóst eða hefði mátt vera ljóst um þau atvik sem hann telur að brotið hafi á réttindum sínum eða hagsmunum samkvæmt lögum og reglum LH.

Í þeim tilvikum þegar Úrskurðar- og aganefnd ákvarðar viðurlög vegna atvika sem getið er um í mótsskýrslu (og kæránleg eru til Úrskurðar- og aganefndar) og ekki hafa áður verið tekin til ákvörðunar Yfirdómnefndar, skal Úrskurðar- og aganefnd gefa aðila 48 klst. frest til að senda inn skrifleg mótsmæli eða athugasemdir um það/þau atvik sem getið er um í mótsskýrslu, áður en ákvörðun er tekin.

Stjórn LH er heimilt að skjóta til Úrskurðar- og aganefndar öllum málum sem varðar brot á lögum og reglum LH í samræmi við ákvæði greinar 1.6.1 í lögum LH.

Um málsmeðferð fyrir Úrskurðar- og aganefnd vísast til reglna um Úrskurðar- og aganefnd.

Ákvarðanir Úrskurðar- og aganefndar eru kæránlegar til Dómstóls ÍSÍ.

Stjórn LH er heimilt að setja nánari reglur um Úrskurðar og aganefnd LH, þar sem nánar er kveðið á um verkefni og starf nefndarinnar.

*Breytingar eru litaðar gular

4.4 Dómstólar ÍSí

Dómstólar ÍSí hafa fullnaðarlögsögu í málefnum sem upp kunna að koma innan LH. Dómstólarnir starfa skv. lögum um dómstóla Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands.

4.5 Spjaldareglur og agaviðurlög [nýr kafli í heild]

Eftirfarandi töflur og skýringar eru formlega viðurkennd agaviðurlög til notkunar á hestaíþróttaviðburðum FEIF og segja til um hvernig skuli tilkynna agaviðurlög og hvaða áhrif þau skulu hafa á einkunnir/tíma í sýningum.

Í18.1 Tegundir spjalda

- Gult spjald; áminning
- Rautt spjald; alvarleg áminning
- Blátt spjald; heilbrigðisspjald
- Grátt spjald; ógild sýning
- Hvítt spjald; boðað til dómarafundar

Dómarar gefa spjöld í keppni.

Afleiðingar af bláu spjaldi: þegar keppni/sýningu

- 1 blátt spjald gefið; hestur þarf að fara í dýralæknaskoðun þegar keppni/sýningu lýkur
- 2 eða fleiri blá spjöld gefin; hætta skal keppni/sýningu þegar í stað

Afleiðingar af gráu spjaldi:

- 2 eða fleiri grá spjöld gefin; sýning er dæmd ógild

Afleiðingar af hvítu spjaldi:

- Yfirdómari ákveður afleiðingar af hvítu spjaldi með tilliti til eðli og alvarleika atviks sem leiðir til notkunar spjaldsins




Afleiðingar af gulu og rauðu spjaldi:

- Eins og lýst er í eftirfarandi köflum.

*Breytingar eru litaðar gular

Í18.2 Agaviðurlög

1. hluti: Gul spjöld




Fjöldi spjalda í sýningu ¹⁾	Skýring	Agaviðurlög / Disciplinary measure				
		Ógild sýning / Elimination			Dæmt úr leik / Disqualification	Keppnisbann / Suspension
		Sýning	Keppnis-grein (hringvöllur)	Keppnis-grein (skeiðbraut)	Á viðkomandi móti	Á næstu mótum
	Eitt gult spjald (gult)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
 eða fleiri ²⁾	>=2 gul, gefin af >= 2 dómurum	Nei (almennt) Já (í skeiðgreinum án einkunna)	Nei	Nei	Nei	Nei
 eða fleiri x 3	3 x 2 gul á sama almanaksári	Já	Já	Já	Já	Já (Lengd keppnisbanns ákveðin af LH)

1) Forkeppni, úrslit og sprettur í skeiði eða skeiðkappreiðum telst til sýningar

2) Á einnig við ef eitt af spjöldunum er rautt spjald

*Breytingar eru litaðar gular

2. hluti: Rauð spjöld



Fjöldi spjalda í sýningu ¹⁾	Skýring	Agaviðurlög / Disciplinary measure				
		Ógild sýning / Elimination			Dæmt úr leik / Disqualification	Keppnisbann / Suspension
		Sýning	Keppnis-grein (hringvöllur)	Keppnis-grein (sneiðbraut)	Á viðkomandi móti	Á næstu mótum
	Eitt rautt spjald (rautt)	Nei	Nei		Nei	Nei
	>=2 rauð, gefin af >= 2 dómurum	Já	Já	Já	Heimilt	Heimilt (Lengd keppnisbanns ákveðin af LH)
 eða fleiri x 2	2x2 rauð á sama almanaksári	Já	Já	Já	Já	Já (Lengd keppnisbanns ákveðin af LH)

1) Forkeppni, úrslit og sprettur í sneiði eða sneiðkappreiðum telst til sýningar

*Breytingar eru litaðar gular

Í18.3 Áhrif spjalda á einkunnir og tíma

1. hluti: Gul spjöld

Fjöldi spjalda í sýningu ¹⁾	Skýring	Áhrif á einkunnir (atriði) eða tíma			
		Forkeppni	Úrslit	Skeið-kappreiðar (einkunn)	Skeiðkappreiðar (tími)
	Eitt gult spjald (gult)	<= 4.5			<ul style="list-style-type: none"> • +0,5s (150m eða styttra) • +1,25s (250m)
 eða fleiri ²⁾	>=2 gult, gefin af >= 2 dómurum				Enginn tími

1) Forkeppni, úrslit og sprettur í skeiði eða skeiðkappreiðum telst til sýningar

2) Á einnig við ef eitt af spjöldunum er rautt spjald

2. hluti: Rauð spjöld


Fjöldi spjalda í sýningu ¹⁾	Skýring	Áhrif á einkunnir (atriði) eða tíma			
		Forkeppni	Úrslit	Skeið-kappreiðar (einkunn)	Skeiðkappreiðar (tími)
	Eitt rautt spjald (rautt)	0	0	0	Enginn tími ef gefið á ráslínu/enda-marki eða tímatökukafla
 eða fleiri ²⁾	>=2 rauð, gefin af >= 2 dómurum	0	0	0	Enginn tími

1) Forkeppni, úrslit og sprettur í skeiði eða skeiðkappreiðum telst til sýningar

*Breytingar eru litaðar gular




Í18.4 Tilkynningar /skráningar á spjöldum

1. hluti: Gul spjöld

Fjöldi spjalda í sýningu ¹	Skýring	Tilkynnt af þul	Skráð (hjá LH)	Tilkynnt opinberlega (FEIF)
	Eitt gult spjald (gult)	Já	Nei	Nei
 eða fleiri ²⁾	>=2 gul, gefin af >= 2 dómurum		Já	Heimilt
 eða fleiri x 3	3 x 2 gul á sama almanaksári	Já	Já	Já

- 1) Forkeppni, úrslit og sprettur í skeiði eða skeiðkappreiðum telst til sýningar
- 2) Á einnig við ef eitt af spjöldunum er rautt spjald

2. hluti: Rauð spjöld

Fjöldi spjalda í sýningu ¹	Skýring	Tilkynnt af þul	Skráð (hjá LH)	Tilkynnt opinberlega (FEIF)
	Eitt rautt spjald (rautt)	Já	Nei	Já
 eða fleiri	>=2 rauð, gefin af >= 2 dómurum		Já	
 eða fleiri x 2	2x 2 rauð á sama almanaks-ári	Já	Já	Já

- 1) Forkeppni, úrslit og sprettur í skeiði eða skeiðkappreiðum telst til sýningar